Desember 2022

HVATARBLAÐIÐ



Hurðaskreytingakeppni
Kerhólsskóla 2022



Jólapistill

Kæru sveitungar og aðrir.

Aðventan er runnin upp sem þýðir að nú er komið að jólapistlinum mínum, oddvita sveitarfélagsins.
Þrátt fyrir að þetta sé í fimmta sinn sem ég sest niður að skrifa jólapistil í Hvatarblaðið þá verð ég að viðurkenna að þessi skrif verða ekkert auðveldari og gera mig alltaf jafn hugsi. Spurningarnar sem svífa um í huga mér eru meðal annars, hvað er það sem ég vil koma á framfæri? Hvað hefur verið gert á árinu? Fyrir hvað er ég þakklát? Ásamt mörgum fleiri atriðum. Engu að síður er þetta minn tími til að vera auðmjúk vegna þeirra verkefna sem síðastliðið ár hefur fært mér og mínum ásamt því að fyllast þakklæti fyrir þau tækifæri sem lífið hefur upp á að bjóða.
Á árinu voru sveitarstjórnarkosningar og vil ég fyrir hönd E-listans þakka stuðninginn sem við fengum í kosningunum í vor.
Við munum svo sannarlega nýta tímann vel næstu fjögur árin til að vinna í þágu íbúa og annarra fasteignaeigenda til að gera gott samfélag betra. Við erum þakklát fyrir að fá tækifæri til að vinna áfram að þeim verkefnum sem við vorum byrjuð á.
Nýr sveitarstjóri tók til starfa í ágúst og hafa síðustu mánuðir farið í að stilla saman strengi og hlökkum við mikið til að vinna með Iðu Marsibil að uppbyggingu sveitarfélagsins.

Grímsnes- og Grafningshreppur hlaut í byrjun nóvember titilinn "Sveitarfélag ársins 2022" og hreppti 1. sætið.
Viðurkenningin er veitt fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga.
Sveitarfélagið er ríkt af góðum mannauði sem hefur gert sveitarfélagið að því sem það er í dag og vil ég hér með nýta tækifærið og þakka öllu starfsfólki Grímsnes- og Grafningshrepps kærlega fyrir góð störf.
Á síðustu vikum og mánuðum hafa íbúar og aðrir orðið þess heiðurs aðnjótandi að hafa aftur átt kost á því að taka þátt í viðburðum.
Langar mig að því tilefni að minnast á öll þau frábæru félagasamtök, nefndir og annað sem vinna hörðum höndum að skipuleggja leiksýningar, viðburði og aðra skemmtun fyrir okkur. Til að félagsstarf virki þarf þátttöku íbúanna og ég vil því hvetja ykkur, kæru sveitunga og aðra til að taka virkan þátt í samfélaginu og því sem þar er um að vera því án þátttöku og virkni verður lítið um viðburði og annað félagsstarf.
Nú styttist óðum í jólin og á þessum tíma byrjar á mörgum heimilum ákveðið ferli þar sem húsið er skreytt með jólaskrauti, mögulega er smákökubakstur og laufabrauðsbakstur, fjölskyldan fer að huga að jólagjöfum og síðast en ekki síst reyna flestir að eiga samverustundir með sínum nánustu. Þetta er alla jafna að mínu mati yndislegur tími þar sem skapaðar eru minningar sem ylja lengi. Engu að síður er þetta einnig tími sem getur verið erfiður fyrir einhverja og þurfum við öll að muna að aðstæður hjá fólki eru mismunandi.
Að lokum vil ég þakka öllu samstarfsfólki mínu hjá sveitarfélaginu fyrir gott samstarf á árinu og óska öllum sveitungum mínum og öðrum velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti







HÓTEL
GRÍMSBORGIR
YOUR GOLDEN CIRCLE RETREAT
Alvöru
Skötuveisla
Þorláksmessa 11:00-15:00
www.grimsborgir.is


JÓLALJÓSASLÓÐI
Á ÚLFLJÓTSVATNI
4. DESEMBER KL.16-18
AÐGANGUR ÓKEYPIS • ÖLL VELKOMIN
VARÐELDUR • SYKURPÚÐAR • HEITT KAKÓ • KVÖLDVAKA







Haust

2022

Fréttir frá 4. bekk

Starfið okkar í haust

Blak, sinfóníutónleikar, fjallganga og margt fleira.

Við erum svo heppin í Kerhólsskóla að fá að fara í allskyns vettvangsferðir yfir skólaárið.
Þetta haustið höfum við farið í nokkrar. Við byrjuðum á haustdögunum að fara í berjamó og náðum að týna ansi mikið af berjum.

Í september fórum við öll saman í fjallgöngu, við gengum upp Mosfell í glampandi sól og áttum frábæran dag þar sem mikið var þrammað, spjallað og sprellað.
Í lok september tókum við þátt í Ólympíuhlaupinu en þar mátti hver og einn ráða hvort hlaupið væri 2,5 – 5 – 7,5 eða 10 km.
Metnaðurinn var mikill og komu margir þreyttir og lúnir eftir hlaupið, við enduðum því þennan dag á að skella okkur í sundlaugina og heita pottinn.



Sinfóníuhljómsveit Suðurlands bauð okkur á tónleika í Árnesi í byrjun október, þau fluttu fyrir okkur hljóðsöguna af Stúlkunni í turninum, frábær dagur í yndislegu veðri. Við náðum líka að leika okkur á leikvellinum við Þjórsárskóla fyrir tónleika, sem var ekki síður skemmtilegt.
Blakmót var svo haldið á Selfossi og tóku allir í 4. bekk þátt og stóðu sig með mikilli prýði.





4.bekkur

Osmo, forritun, myndasamkeppni, hlustun, lestrarsprettur.

Alltaf nóg um að vera !



Við fengum kennara í heimsókn frá Skemu, hann kenndi okkur á allskyns forrit til að læra að forrita. Þetta var lærdómsríkt og allir spenntir og snöggir að læra á þessi nýju forrit.

4.bekkur tók þátt í tveimur myndasamkeppnum þetta haustið, en fyrsta var samnorræn myndasamkeppni á vegum "Norden i skolen", Hin keppnin var myndasamkeppni á vegum Mjólkursamsölunnar. Spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.

Ævar vísíndamaður skrifaði sögu fyrir öll grunnskólabörn á Íslandi, við hlustuðum spennt á hverjum degi í október og erum sammála um að þessi saga var mjög hræðileg, spennandi en um leið skemmtileg.
Nú höfum við nýlokið lestrarspretti í Kerhólsskóla, í þetta sinn lásum við þjóðsögur og ævintýri á hverjum degi bæði fyrir og með foreldrum okkar og stóð þessi sprettur yfir í 2 vikur.

Takk fyrir okkur og njótið vel.
Áfram Kerhólsskóli :)
Kær kveðja, 4. bekkur ☺

Alexander, Codrut, Guðbjörg, Hilmir, Katrín, Ísabella, Kári, Víkingur, Þorbjörg og Þorbjörn

Skötuveisla !

Kæru sveitungar !

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður
verður með skötuveislu á
Þorláksmessudag í
Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 – 13:30

Skata og saltfiskur ásamt tilheyrandi meðlæti.

Vekið bragðlaukana fyrir jólin
og mætið í skötuna.

Verð: 4000kr. fyrir fullorðna
1.000kr. fyrir börn (7-12 ára)

Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Gleðileg jól !

Fyrsta „First LEGO League“ lið Kerhólsskóla



Í vor fékk Kerhólsskóli úthlutað styrk úr sjóðnum „Forritarar framtíðarinnar“. Sjóðurinn er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum.
Sótt var um styrk til þess að festa kaup á efnivið í þjarka, LEGO, sem notaður er í hinni árlegu keppni „First Lego League“. En hún hefur verið haldin af Háskóla Íslands síðan árið 2005. Keppnin er haldin í 45 löndum víða um heim. Markmið hennar er bjóða börnum og ungmennum upp á gáskafullt nám um leið og þeim er hjálpað til að uppgötva þá skemmtun sem má hafa af vísindum og tækni.
Á hverju ári er valið þema keppninnar og í ár var þemað „Orka“ eða „Ofur-orka“. Lið sem mæta til leiks þurfa að hanna og forrita LEGOþjark sem leysir þrautir ársins í vélmennakapphlaupi. Einnig þurfa þau að vinna nýsköpunarverkefni með því að kanna og leysa raunveruleg vandamál sem tengjast þema hvers árs og síðast en ekki síst að sýna fram á að hafa byggt upp góðan liðs- og keppnisanda.
Íslenska keppnin fór fram í Háskólabíói þann 19. nóv. sl. og mætti þar til leiks liðið Ludus .85 skipað fimm nemendum úr Kerhólsskóla. Þeim Bjarna Guðjónssyni Bäcker, Kolbrúnu Ingu Friðriksdóttur, Sigurði Thomsen, Stormi Leó Guðmundssyni og Viðari Gauta Jónssyni.





Liðið hefur síðan í ágúst unnið við það að byggja þjark og forrita svo hann geti ferðast um LEGO-þrautabraut og leyst verkefni sem tengjast orkumálum.
Nýsköpunarverkefni liðsins var leikvöllur sem nýtir vannýtta orku úr umhverfinu og umbreytir í raforku. Það er vindorku, sólarorku og hreyfiorku þeirra sem nýta leikvöllinn. Hugmyndin er sú að safna raforkunni og gera þeim sem koma á leikvöllinn það kleift að hlaða snjalltæki á meðan þeir hreyfa sig og bæta þar með heilsu sína. Raforkunni er safnað í rafhlöður úr rafmagnsbílum sem ekki eru lengur nógu öflugar fyrir þá, en eiga samt eftir töluverðan líftíma og þar með gefa þeim framhalds líf. Nýsköpunarverkefnið tengdi liðið við heimsmarkmið 7, 9 og 11. Í þróunarferlinu kynnti liði verkefni sitt fyrir Ingólfi Erni Jónssyni og fékk hjá honum góð ráð en hann stýrir viðhaldi í virkjunum Landsvirkjunar á Sogssvæðinu. Farið var í heimsókn á Jarðhitasýningu ON í Hellisheiðarvirkjun og haldin var kynning á verkefninu fyrir samnemendur áður en kom að keppnisdegi.
Svona verkefni vinnst ekki nema með góðri liðsheild og ótrúlegri seiglu og þrautseigju liðsfélaga. Það var ólýsanlega stoltur liðsstjóri sem fylgdist með hópnum stíga fjórum sinnum á stórasviðið í Háskólabíói og keppa í vélmennakapphlaupinu undir ótrúlega mikilli pressu, standa á kynningarbás heilan dag og kynna verkefnið sitt, mæta fyrir dómara og kynna nýsköpunarverkefni sitt í fyrirlestri og fara í viðtal við dómara og lýsa hönnun og forritun þjarksins. Öll þessi verkefni leysti liðið með miklum sóma enda frábærar fyrirmyndir og brautryðjendur í sýnum skóla.



Ragna Björnsdóttir

AÐVENTAN OG HÁTÍÐIRNAR
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Desember

3.-4. Jólatréssala á Snæfoksstöðum
4. Jólaljósaslóði á Úlfljótsvatni
4. Litlu jól á Sólheimum
7.-11. Jólamarkaður Sólheima í Kringlunni
10.-11. Jólatréssala á Snæfoksstöðum
11. Aðventumessa í Búrfellskirkju
14. Hörpukórinn í Sólheimakirkju
17.-18. Jólatréssala á Snæfoksstöðum
18. Aðventuhátíð í Skálholtsdómkirkju
Helgileikur og kaffi í gestastofunni
18. Bókakynningar á bókasafninu á Borg
18. Lifandi jólatónlist - Sundlauginni á Borg
20. Jólaball Kerhólsskóla
23. Skötuveisla Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar
24. Jólasveinar á ferli
24. Hátíðarmessa á Sólheimum
24. Aftansöngur jóla í Skálholtsdómkirkju
24. Miðnæturmessa á Jólanótt
25. Hátíðarmessa í Skálholtsdómkirkju
26. Hátíðarmessa í Mosfellskirkju
31. Aftansöngur á Sólheimum
31. Áramótabrenna og flugeldasýning Hjálparsveitarinnar Tintron

Janúar

1. Hátíðarmessa í Úlfljótsvatnskirkju

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
vellíðan fyrir alla



Áramótabrenna og flugeldasýning verður við golfvöllinn á Borg 31. desember.

Kveikt verður í brennu kl. 20:30

Flugeldasala hjálparsveitarinnar Tintrons verður eins og vanalega **á Austurvegi 23 Selfossi.**

Styrkjum Björgunarsveitirnar.

HJÁLPARSVEITIN TINTRON

Þökkum stuðninginn og sendum bestu óskir um Gleðileg jól !

Styrktarreikningur sveitarinnar er 0586-26-456 kt. 490487-1319

Jólaball

Hið árlega jólaball foreldrafélags Kerhólsskóla verður haldið **þriðjudaginn 20. desember** í Félagsheimilinu Borg. Nánari tímasetning verður kynnt á heimasíðu skólans.

Allir velkomnir

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Opnunartími Völu og Grænu könnunnar

Opið alla daga frá 11 til 16
Mötuneyti opið frá 11:30 til 13:30

Verktakar og vinnufólk athugið
Mötuneytið á Sólheimum er opið öllum
Mömmumatur í bland við grænmetis og veganrétti

2022 Framúrskarandi fyrirtæki

Tilboð fyrir hópa
Allar upplýsingar í síma 8917782



Tökum að okkur
STÓR og smá verk:


jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - bílaflutninga, jarðheflun & fólksflutninga.

Gleðileg jól !



Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk





Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Gleðileg jól !

Fréttir af félagsstarfi Kvenfélags Grímsneshrepps

Við erum þakklátar öllum þeim sem hafa glaðst með okkur og lagt okkur lið í fjáröflun nú á haustmánuðum. Grímuballið sem við héldum í fyrsta skipti í fyrra var aftur haldið 28. október síðast liðinn og tókst með miklum ágætum. Stemmingin var „hræðileg“ þökk sé unglingadeild Kerhólsskóla sem sá um skreytingar og ljósum leikfélagsins sem brugðu ljósi á hryllinginn.
Þann 20. nóvember var fullt út úr dyrum loks er við gátum aftur haldið „venjulegt“ jólabingó í Félagsheimilinu Borg. Veglegir vinningar glöddu bingógesti sem kepptust við að kaupa bingóspjöld til þess að næla sér í vinning. Líkt og áður rann ágóði af bingóinu óskiptur til „Sjóðsins góða“ en alls söfnuðust 310.000 kr.





Sérstakar þakkir fá þau fjölmörgu fyrirtæki sem styrktu okkur með vinningum, en þau eru:
Öryggismiðstöðin, Halldór Jónsson heildverslun, Österby hár, Fjarðarkaup, Sundlaugin á Borg, ÍTR Reykjavík, Verslunin Borg, Lindex, Huppu ís, Pylsuvagninn, Skrifstofuvörur, Slippfélagið, Hótel Selfoss, Kaffitár, Jarðhitasýning ON, Innnes, Íslensk Ameríska, ÓJ & Kaaber, Kayakferðir og Superbygg.

Það er einstaklega gefandi að geta loks aftur staðið fyrir viðburðum þar sem fjölskyldur geta komið saman, glaðst og notið samveru við aðra um leið og stutt er við góð málefni


Ragna Björnsdóttir, formaður.

Hugvekja

Hvenær fæddist Jesú?

Það er almennt talið að Jesú hafi fæðst árið núll samkvæmt okkar tímatali og raunverulega ekkert er vitað um hinn raunverulega fæðingar dag.
Enda höfðu guðspjallamennirnir raunverulega engan áhuga á tímatali. Þeirra áhugasvið var fyrst og fremst guðfræði.
Allavega fyrstu tvö hundruð árin eftir dauð Jesú var enginn að velta því fyrir sér hvenær hann hafði fæðst.
Á þeim tíma voru ofsóknir svo miklar á hendur þessarar nýju hreyfingu, Kristindóminn, að flestir tengdu miklu frekar við píslar sögu Jesú, dauðann og upprisuna.
Í kringum árið 400 fór kirkjan að velta fæðingardeginum fyrir sér og þá var einskonar kenning á lofti að stórmenni sögunnar létust alltaf í sama mánuði eða jafnvel sama dag og þeir væru fæddir eða getnir. Fólk reiknaði sem svo að Jesú hefði dáið 25.mars og þar með getinn sama dag, töldu síðan 9mánuði áfram og þá var kominn 25.desember. En aðrar útreikningar sem miðast við fæðingu og getnað Jóhannesar skírar telja að September gæti verið líklegur mánuður. Þeir mánuðir sem koma til greina fyrir fæðingu frelsarans eru því mars, september og desember en þegar upp er staðið er það gjörsamlega ómögulegt að vita.
Hvað sem því líður þá er boðskapurinn sá sami og passar hann ágætlega við svartasta skammdegið. Fram að jólum verður sífellt meira myrkur en þegar myrkrið er sem svartast fæðist ljósið og vonin í heiminn. Með vonina í stafni fáum við vilja og kraft til þess að lýsa upp heiminn í samfélagi við Guð og menn.

Sr. Dagur Fannar Magnússon



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Grímsnes- og
Grafningshreppur
óskar íbúum sínum og gestum

Gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári





Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar 1. – 20. desember
Mánudaga –15:00 til 17:00
Þriðjudaga – 15:00 til 17:00
Miðvikudaga – 10:00 til 12:00

Kvöldopnun:
Þriðjudagur 6. des. frá 19:30 til 22:00 - Hannyrðakvöld, allir velkomnir.
Fimmtudagur 15. des. frá 19:30 til 21:30

Sunnudagur 18. desember.
Upplestur og kynningar nýútgefinna bóka.

Lokað 21. desember – 3. janúar 2023

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022
Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500kr.
Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn	*1.000 kr.*
Ljósritun og prentun á A4 blaði	*30 kr.*
Ljósritun á A3 blaði og litprentun	*50 kr.*



Handverkskvöld
6. desember
Kl. 19:30

á bókasafni Grímsnes- og Grafningshrepps.
Öll velkomin.

Fjórði í aðventu

Bókaspjall og JÓLATÓNLIST

Sunnudaginn 18. desember kl. 14:00 koma nokkrir rithöfundar í heimsókn á bókasafn sveitarfélagsins og kynna bækur sínar.

Yrsa Þöll Gylfadóttir -Bekkurinn minn
Gunnar Theodór Eggertsson - Næturfrost 2
Anna Sigríður Þráinsdóttir - Á sporbaug
Guðni R. Þorbjörnsson - Gabríel og skrítna konan
Guðfinna Ragnarsdóttir - Á vori lífsins

Klukkan 16:00 verður svo lifandi jólatónlist á sundlaugarbakkanum þar sem að Halli Valli og Anna Katrín ætla að flytja nokkur lög.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
vellíðan fyrir alla



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN BORG

Um hátíðarnar.

Lokað verður á Þorláksmessu,
Aðfangadag, Jóladag og
Annan í Jólum.
Einnig Gamlársdag og Nýarsdag.
Aðra daga er opið eins og
vetraropnun segir til um.

Frá 21. ágúst

FRÁ 21. ÁGÚST 2022

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

14:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUN

NETFANG: SUNDLAUG@GOGG.IS
SÍMI 480-5530





Fréttir frá æskulýðsnefndinni.

Miðvikudaginn 5. jan kl 19.00 verður kynningarfundur í reiðhöllinni.
Pizzavagninn verður á staðnum, hestar til að teyma undir og smá sýning og sprell ásamt kynningu á starfinu síðasta ár og hvað við erum að spekúlera með næsta ár.
Allir velkomnir!

Hestamannafélagið Jökull

Jól í Húsinu á Eyrarbakka



Bókaupplestur, jólalög og jólasýning Hússins

Byggðasafn Árnesinga býður upp á notalega jólastemningu á aðventunni. Upplestur rithöfunda og skálda, bókastund fyrir börn, þjóðleg jólalög og jólasýning Hússins. Jólaandinn verður á Eyrarbakka! Á torginu fyrir framan Húsið verður jólatorg þar sem markaðsstemning verður allsráðandi.




Jólasýning Byggðasafns Árnesinga *verður opin frá 13:00 – 17.00 helgarnar 26.-27. nóv., 3.-4. des. og 10.-11. des.*
Elsta jólatré landsins og gamalt jólaskraut.
Opin músastigasmiðja alla daga. Aðgangur ókeypis.




Skáldastund. *Sunnudaginn 27. nóvember kl. 16:00*
lesa höfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Í ár heimsækja Húsið þau *Kristín Svava Tómasdóttir, Þór Stefánsson, Kristín Eiríksdóttir, Einar Kárason og Elísabet Jökulsdóttir.*




Bókastund fyrir börnin. *Laugardaginn 3. desember kl. 14:00*
koma *Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason* í skemmtilega heimsókn. Við lofum fjörugum upplestri!




Bakkadrottningin. *Laugardaginn 10. desember kl. 14:00*
verður *Kristín Bragadóttir* í Húsinu og kynnir bók sína um *Eugeníu Nielsen (1850-1916)* sem var potturinn og pannan í framfara- og menningarlífi héraðsins á sinni tíð.



Þjóðleg jólastemning. *Sunnudaginn 11. desember kl. 16:00*
kemur *Eyjólfur Eyjólfsson* tenórsöngvari með langspil og verður með jólalega efnisskrá í stássstofunni.

Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 10–17
eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082
info@byggdasafn.is | **www.byggdasafn.is**

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Sveitarstjórn 535. fundur 02. nóvember 2022
kl. 13:00—15:23 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

Oddviti leitar afbrigða.
Samþykkt samhljóða.
a) Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022.

1. Kynning á tillögum á deiliskipulagi vegna Vesturbyggðar, nýtt íbúðarsvæði.
Erla Bryndís Kristjánsdóttir frá Verkís kom inn á fundinn og kynnti tillögur á deiliskipulagi vegna Vesturbyggðar.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 34. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20 október 2022.
Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 34. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 20. október 2022.

Mál nr. 2. Uppbygging Klausturhólarétta
Fjallskilanefnd leggur til að gömlu Klausturhólaréttirnar verði jafnaðar við jörðu og að byggðar verði réttir álíka þeim sem voru gerðar í Grafningi. Sveitarstjórn vísar erindinu inn í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

b) Fundargerð NOS stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., 20. október 2022.
Fundargerð NOS stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., sem haldinn var 20. október lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 95. fundar stjórnar Umhverfi- og tæknisviðs Uppsveita, 12. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 20. fundar svæðisskipulags Suðurhálendis, 27. september 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 587. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 7. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 12. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Staða fjárhagsáætlunar 2022.
Sveitarstjóri fór yfir stöðu rekstrar fyrstu níu mánuði ársins í samanburði við fjárhagsáætlun.

4. Námuúttekt í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Sveitarstjórn tók ákvörðun 3. nóvember 2021, í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins að fara í námuúttekt í sveitarfélaginu og nú er þeirri úttekt lokið. Nú eru lögð fram til kynningar annars vegar skýrsla Verkís og hins vegar minnisblað dagsett 24. október 2022, unnið af umsjónarmanni framkvæmda og veitna þar sem fram kemur samanburður á skilmálum aðalskipulags m.t.t efnistökuheimildar og raunmagns sem unnið hefur verið úr námum í sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn fagnar því samhljóða að niðurstöður úttektar liggi fyrir og felur Vigfúsi Þór Hróbjartsyni skipulagsfullrúa að hafa samband við námueigendur.

5. Viljayfirlýsing - Borgað þegar hent er.
Lögð fram viljayfirlýsing þar sem Grímsnes- og Grafningshreppur, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga lýsa yfir vilja sínum til þess að vinna tilraunaverkefnið Borgað þegar hent er hraðall.
Verkefnið gengur út á að innleiða nýtt innheimtufyrirkomulag fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt Borgað þegar hent er (BÞHE) kerfi, sem sveitarfélögum er skylt að innleiða á árinu 2023 skv. lögum nr. 103/2021, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í samstarfsverkefninu og felur sveitarstjóra, oddvita og umsjónarmanni umhverfismála að vinna að verkefninu.

7. Uppbygging hjúkrunarheimilis eða dagþjónustu.
Lögð er fram greining Heilsugæslunnar í Laugarási og velferðarþjónustunnar á þörf fyrir dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæði þeirra.

Tildrög þessa eru þau að sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur sóttu um til heilbrigðisráðuneytisins að komið yrði á fót hjúkrunarheimili í Uppsveitum Árnessýslu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna áttu með starfsmönnum ráðuneytisins í vor kom fram að um langtímaverkefni væri að ræða sem tæki tíma að koma á fjármála- og framkvæmdaáætlun hjá ríkinu. Umsókninni var vel tekið og því sýndur skilningur að þörf væri fyrir úrræði á þessu svæði. Starfsmenn ráðuneytisins ræddu m.a. um það hvort þörf væri á dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæðinu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa áttu með fulltrúum HSU og félagsþjónustunnar í Laugarási í vor kom fram það mat starfsmanna sem koma að heimahjúkrun og heimaþjónustu að þörf væri fyrir slíkt úrræði.
Í framhaldi af því samþykktu öll sveitarfélögin sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási að kanna nánar þörf fyrir dagþjónustu (dagdvöl) á svæðinu.
Niðurstaða greiningarinnar liggur fyrir. Til að vinna áfram að málinu er lagt til að hvert sveitarfélaganna tilnefni einn fulltrúa í starfshóp sem undirbúi umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónusturými fyrir svæðið, vinni áætlun um reksturinn og greini hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Iðu Marsibil Jónsdóttur, sveitarstjóra til setu í starfshópnum.

8. Erindi frá Sigurhæðum.
Fyrir liggur bréf dagsett 15. október 2022 frá verkefnisstjóra Sigurhæða – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – vegna starfseminnar 2023. Í bréfinu er óskað eftir styrk við verkefnið vegna starfsemi ársins 2023.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið.

9. Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun Þingvallavatns.
Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns, gagnaskýrsla fyrir árið 2021 lögð fram til kynningar.

10. Aðalfundarboð, Landssamtök landeigenda á Íslandi.
Lagt fram til kynningar.

11. Önnur mál.

a) Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga.
Fyrir liggur fundarboð á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður þann 11. nóvember 2022 í Þorlákshöfn.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Björn Kristinn Pálmarsson sem sinn fulltrúa með atkvæðisrétt og Ásu Valdísi Árnadóttur til vara.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 15:23.

Sveitarstjórn 536. fundur 16. nóvember 2022
kl. 09:00—11:50 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

Fundargerðir.
a) Fundargerð 33. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. ágúst 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 2. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar UTU, 1. nóvember 2022.
Mál nr. 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 1. nóvember 2022.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;
Mál nr. 18: Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2203020.
Lögð er fram tillaga deiliskipulags í landi Hvítuborgar L218057 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingaheimilda vegna reksturs verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúsa, starfsmannahúsa auk allt af 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri deiliskipulagstillögu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara að umsögn Minjastofnunar og leggur til að fornleifar verði skráðar innan þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til.

Mál nr. 19: Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag – 2210030.
Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móaflöt 1 og Móaflöt 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn áformar að halda opinn kynningarfund þar sem skipulag þetta ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til vinnslu í og við þéttbýlið á Borg verður sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Mál nr. 20: Borg-þéttbýli; Deiliskipulag – 2210039.
Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn áformar að halda opinn kynningarfund þar sem skipulag þetta ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til vinnslu í og við þéttbýlið á Borg verður sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Mál nr. 21: Borg í Grímsnesi; Vesturbyggð; Ný byggð á reit ÍB2, I14 OG I15; Deiliskipulag – 2210061.
Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til deiliskipulagningar á reitum ÍB2, I14 og I15 innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Deiliskipulagssvæðið tekur til svæðis vestan Skólabrautar á Borg og er um 16 ha að stærð. Skipulagssvæðið afmarkast af Biskupstungnabraut og fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og suðaustri, tjaldsvæði og Skólabraut í austri og opnu svæði í norðri. Mörk svæðisins til vesturs ráðast af mörkum landeigna í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsinguna samhljóða til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn áformar að halda opinn kynningarfund þar sem skipulagslýsing þessi ásamt öðrum deiliskipulagsáætlunum sem nú eru til vinnslu í og við þéttbýlið á Borg verður sérstaklega kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Mál nr. 22: Ásgarður; Ferjubakki 1 L232538 og L232540; Breytt lega lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2209044.
Lögð er fram umsókn frá Sverri Sverrissyni ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst breytt lega lóða Ferjubakka 1 og 3. Sveitastjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 23: Vaðnes land L210708; Deiliskipulagsbreyting; Breytt lega lóðar – 2210045.
Lögð er fram umsókn frá Antoníu Helgu Helgadóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness. Í breytingunni felst breyting á mörkum Mosabrautar 27 ásamt breytingu á lóð sem tekur til bílastæða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 24: Nesvegur 5 L205644 og Nesvegur 6 L205645; Breytt lóðamörk; Dsk.breyting 2210060.
Lögð er fram umsókn frá Vigfúsi Halldórssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Nesvegi í landi Vaðnes. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkun á milli lóða Nesvegar 5 og 6. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja framlagðri breytingu á deiliskipulagi svæðisins vegna fjarlægðar byggingarreita frá ám og vötnum.

Mál nr. 25: Bíldsfell 1 L170812; Frístundasvæði F20; Deiliskipulag – 2202010.
Lögð er fram umsókn frá Kistufossi ehf. sem tekur til deiliskipulags frístundasvæðis í landi Bíldsfells 1 L170812. í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining 30 frístundalóða auk byggingaheimilda innan svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

d) Fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar UTU, 9. nóvember 2022.
Mál nr. 8 og 9 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 9. nóvember 2022.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2203020.
Lögð er fram tillaga deiliskipulags í landi Hvítuborgar L218057 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingaheimilda vegna reksturs verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúsa, starfsmannahúsa auk allt af 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti.

Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri deiliskipulagstillögu. Fornleifaskráning hefur farið fram og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri umsögn Minjastofnunar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um að texta er varðar hugsanlegar flóttaleiðir um aðliggjandi land og rekstur tjaldsvæðis verði felldur út úr skipulaginu. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í Bdeild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9: Vaðnes; Frístundabyggð; 3. Áfangi; Deiliskipulag – 2204055.
Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar stækkun frístundabyggðar í landi Vaðness eftir kynningu. Í tillögunni felst að gert er nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum á 54 hektara svæði. Athugasemdir og umsagnir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á 534. fundi sveitarstjórnar þar sem ekki hafði verið unnin fornleifaskráning innan svæðisins. Sú skráning hefur nú verið unnin og er lögð fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

e) Fundargerð aðalfundar byggðasamlags UTU, 1. nóvember 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 96. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 9. nóvember 2022.
Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 96. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 9. nóvember 2022.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;
Mál nr. 1; Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023.
Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður embættisins 2023 hækki um 9,1% á milli ára og verði um 208,9 mkr., þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum að upphæð 190,9 mkr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins.
Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU bs. innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.
Framlag Grímsnes- og Grafningshrepps árið 2023 verður samkvæmt fjárhagsáætluninni kr.61.092.956.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlunina og gert verður ráð fyrir hlut sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun næsta árs.

g) Fundargerð 5. fundar seyrustjórnar, 20. september 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 6. fundar seyrustjórnar, 18. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 7. fundar seyrustjórnar, 7. nóvember 2022.
Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð 7. fundar seyrustjórnar sem haldinn var þann 7. nóvember 2022. Eftirfarandidagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar; Mál nr. 2; Fjárhagsáætlun og fjárfestingar 2023.
Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og hún samþykkt með fyrirvara um endurskoðun á prósentuskiptingu vegna hreinsunar.
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og vísar áfram til gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023.

j) Fundargerð NOS stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., 24. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 3. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2022-2026, 6. september 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 4. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2022-2026, 26. september 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 5. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2022-2026, 4. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 27. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 11. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 314. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 26. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 52. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 21. október 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2023, fyrri umræða.
Sveitarstjóri fór yfir stöðu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023 og skipulag vinnu framundan.
Sveitarstjórn samþykkir að halda vinnufundi vegna fjárhagsáætlunar mánudaginn 21. nóvember og mánudaginn 28. nóvember.
Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

3. Íbúafundur.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund í Félagsheimilinu Borg þann 29. nóvember klukkan 17:00. Á fundinum sem verður opinn kynningarfundur verða deiliskipulagsáætlanir sem eru í vinnslu í og við þéttbýlið á Borg sérstaklega kynntar íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.
Sveitarstjóra falið að boða til fundarins og auglýsa hann.

4. Erindi frá félögum í söngsveitinni Tvennir tímar.
Fyrir liggur erindi frá Elsu Jónsdóttur og Karen Jónsdóttur félögum í söngsveitinni Tvennir tímar, dagsett 8. nóvember 2022.
Í erindinu er þess farið á leit við sveitarfélagið að það styrki söngsveitina.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja söngsveitina og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.

5. Erindi frá Örugg búseta – íbúasamtök fólks með búsetu í frístundahúsum Grímsnes- og Grafningshrepps.
Fyrir liggur erindi frá Heiðu Björk Sturludóttur fyrir hönd íbúasamtakanna Örugg búseta, dagsett 12. september 2022, áður tekið fyrir á 532. fundi sveitarstjórnar þann 21. september 2022. Í erindinu kemur fram ósk samtakanna um að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps stofni samráðshóp til að vinna að hagsmunamálum íbúa í heilsárshúsum í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Sveitarstjórn fagnar því að áhugi sé fyrir búsetu í sveitarfélaginu og telur mikilvægt að eiga gott samráð við íbúa um þjónustu sveitarfélagsins og starfsemi þess. Það er því sjálfsagt að eiga virkt samtal við íbúa um búsetumöguleika sem og möguleika fyrir heilsársbúsetu. Í þeim efnum verður sveitarstjórn þó að fylgja fyrirmælum skipulagslags- og mannvirkjalaga sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja. Í skipulagslögum er t.d. mælt fyrir um að frístundabyggð og svæði fyrir frístundahús sé byggð sem ekki sé ætluð til fastrar búsetu og tekið er fram í skipulagsreglugerð að föst búseta sé óheimil í frístundabyggðum. Eins segir í lögum um lögheimili að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands. Það leiðir því af lögum að föst búseta er óheimil í frístundabyggðum og skráning lögheimilis þar sömuleiðis.
Samráðshópur um slíkt hagsmunamál væri ósamrýmanlegt gildandi lögum.
Sveitarstjórn hafnar því samhljóða beiðni samtakanna um stofnun samráðshóps og leiðbeinir samtökunum að beina hugmyndum sínum varðandi fasta búsetu í frístundabyggð til Alþingis.

6. Erindi vegna dvalarheimilis.
Lagður fram til kynningar tölvupóstur dagsettur 3. nóvember 2022 frá Halldóri Benjamínssyni, Halldóru Guðmundsdóttur og Fanney Gestsdóttur. Í tölvupóstinum er skorað á sveitarstjórnir, ráðherra og alþingismenn að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni verði gert að dvalarheimili fyrir aldraða vegna vöntunar á slíkri stofnun í uppsveitum Árnessýslu.

7. Tilnefning í vatnasvæðanefnd.
Fyrir liggur bréf frá Sigrúnu Ágústsdóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar og Aðalbjörgu Birnu Guttormsdóttur verkefnisstjóra, dagsett 1. nóvember 2022 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Sveitarstjórn tilnefnir Smára Bergmann Kolbeinsson sem fulltrúa sinn í nefndina.

8. Desemberfundur Samorku.
Fyrir liggur tölvupóstur frá Lovísu Árnadóttur, upplýsingafulltrúa Samorku, dagsettur 7. nóvember 2022 um að desemberfundur Samorku verði haldinn á Hótel Borg þann 1. desember 2022.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson og Ragnar Guðmundsson verði fulltrúar sveitarfélagsins á fundinum.

9. Hinsegin málefni – hvatning frá Innviðaráðuneytinu.
Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur sérfræðingi á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, dagsettur 9. nóvember 2022 um hinsegin málefni. Þar kemur fram að Innviðaráðuneytið býður kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga til fræðslufundar um hinsegin málefni.
Samtökin ´78 sjá um fræðsluna en markmiðið er auka þekkingu sveitarstjórnarfólks á réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks. Verkefnið er liður í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025.
Kynningarnar verða haldnar 30. nóvember og 1. desember.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að öllum kjörnum fulltrúum standi til boða að sækja fræðslufundinn.

10. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 215/2022, „Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga“.
Lagt fram til kynningar.

11. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 211/2022, „Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga“.
Lagt fram til kynningar.

12. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 210/2022, „Frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála“.
Lagt fram til kynningar.

13. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 208/2022, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971“.
Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 11:50

Breytt gjaldskrá og innheimta vegna sorpmála

Íbúar og fasteignaeigendur mega eiga von á því að breytingar verði gerðar á innheimtu gjalda vegna sorpmála frá og með áramótum, þar sem gjöldunum verður skipt meira upp til þess að endurspegla betur í hvað þau fara. Breytingin er tilkomin vegna breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 103/2021 sem taka gildi þann 1. janúar 2023.

Í lögunum eru einnig gerðar auknar kröfur um sérstaka söfnun úrgangs og bætta meðhöndlun hans til þess að stuðla að hringrásarhagkerfi. Sveitarfélagið stendur vel þegar kemur að þeim hluta laganna, þar sem nú þegar er verið að uppfylla skilyrði um sérstaka söfnun með fjögurra tunnu kerfi við heimili og sérsöfnun helstu úrgangsflokka á grenndarstöðvum og gámasvæði sveitarfélagsins.



Laust starf



í skapandi og notalegu umhverfi með skemmtilegu fólki

Í Friðheimum eru ræktaðir tómatar allan ársins hring. Við tökum líka á móti gestum, sýnum þeim tómataræktunina og bjóðum upp á matarupplifun byggða á tómötum sem gestir sitja við hliðina á. Í Friðheimum er einnig stunduð hrossarækt og gestum boðið að heimsækja hesthúsið og upplifa íslenska hestinn.

Starfskröfur

Við erum að leita að manneskju sem hefur **gaman af garðyrkju**, elskar að **rækta** og **dúlla sér við plöntur** og **hafa fínt í kringum sig**.

Hún þarf að vera **sjálfstæð**, **vinnusöm**, **ábyrgðarfull** og **jákvæð**.

Starfslýsing

Hjá okkur er laust starf sem felst í að rækta salat og basilíku, halda pelagóníum og ýmsu öðru í toppformi og dekra við allt grænt á veitingastaðnum okkar.

Vinnutími er mánudaga til föstudaga. Hægt að aðlaga vinnutíma en miðað er við 75-100% starfshlutfall.


Kallar þetta á þig?
Endilega hafðu samband!

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á **helena@fridheimar.is**

FRIÐHEIMAR
Unique visit

Fjallskil 2022

Reikninga vegna unninna fjallskila þarf að senda inn til skrifstofu Grímsnes– og Grafningshrepps í allra seinasta lagi föstudaginn **9. desember 2022**



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Lýðheilsustyrkur

Við minnum á að lýðheilsustyrkur endurnýjast um áramótin og hvetjum fólk til að nýta styrkinn fyrir árið 2022 með því að sækja um fyrir 20. desember.

Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins og kvittun þarf að fylgja umsókninni.

Börn á aldrinum 5-17 ára og eldri borgarar geta fengið allt að 50.000kr. á ári í lýðheilsustyrk.

Opnunartímar skrifstofu Grímsnes– og Grafningshrepps í desember.

Mánudag til fimmtudags 09:00 - 15:00
Föstudaga 09:00 - 12:00

Lokað verður 23. desember.

Sími 480-5500 - gogg@gogg.is - gogg.is

Nýjar leiðbeiningar fyrir minni fráveitur

Umhverfisstofnun hefur gefið út nýjar leiðbeiningar fyrir minni fráveitur sem má finna inná heimasíðu þeirra. Fyrri leiðbeiningar voru frá 2004 og þótti tímabært að uppfæra þær og bæta við upplýsingum um fleiri fráveitu- og salernislausnir.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar einstaklingum, byggingaraðilum, hönnuðum og rekstraraðilum og eru unnar af EFLU.

Mjög mikilvægt er fyrir fasteignaeigendur sem hyggja á að endurnýja rotþró ásamt nýjum byggingaraðilum að kynna sér þessar leiðbeiningar. Þar má finna stærðarútreikninga á rotþróm og siturbeðum ásamt upplýsingum um tilbúnar hreinsistöðvar. Ef fasteign er innan vatnasviðs Þingvallavatns gilda sérstakar reglur sem gefnar eru út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og hvetjum við fasteignaeigendur á því svæði að kynna sér þær reglur sérstaklega.

Á heimasíðu sveitarfélagsins má finna greinargóðar upplýsingar um hreinsun á rotþróm í sveitarfélaginu ásamt upplýsingum um nýtingu á þeirri seyru sem til fellur. Einnig má finna leiðbeiningar um hreinsun fráveitu á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns inná heimsasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Íbúakönnun - Atvinnumálastefna

Nú stendur yfir vinna við að móta sameiginlega atvinnumálastefnu sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu; Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
Atvinnumálaþing Uppsveita er afstaðið þar sem fjölmargar hugmyndir íbúa komu fram.
Nú gefst íbúum aftur tækifæri til að taka þátt í að móta áherslur í atvinnumálastefnunni með því að svara rafrænni könnun. Könnunin verður aðgengileg íbúum á vefsíðum sveitarfélaganna fjögurra á næstu dögum.

Það tekur ekki langan tíma að svara könnuninni en öll svör eru vel þegin og nýtast í áframhaldandi vinnu. Óskað er eftir að sem flestir íbúar taki þátt og dragi fram þau atriði sem þeir telja mikilvægust.

Aðventukveðjur

Verkefnisstjórn



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: **linda@gogg.is eða gogg@gogg.is**